

um vinnslu kísilleirs við Mývatn og í Aðaldal.

Flm.: Karl Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar á þessu ári ganga til hreins um það með fullnaðarrannsókn og áætlunum, hvort arðvænlegt sé að vinna til útflutnings kísilleir þann, sem er á botni Mývatns og meðfram Laxá í Aðaldal.

Komi í ljós að fullathuguðu máli, — svo sem líkur virðast benda til, — að vinnsla leirsins sé arðvænleg, þá leiti ríkisstjórnin úrræða til þess, að vinnslan verði hafin sem allra fyrst.

#### Greinargerð.

Íslenzkir vísindamenn, sem eru í þjónustu ríkisins, hafa uppgötvað, að á botni Mývatns eru miklar kísilleirsnámur. Enn fremur eru kísilleirsnámur meðfram Laxá, sérstaklega þó í landi jarðanna Ness og Árness í Aðaldal, en Laxá á upptök sín í Mývatni.

Víða um heim eru kísilleirsnámur, en leirinn, sem er að mestu skeljar dauðra kísilþörungur, er mjög misjafn að gæðum. Hann er til margra hluta nytsamlegur, en það fer eftir tegundum og því, hve hreinn hann er, hversu verðmætur hann er og til hvers hann er hæfur. Leirinn er þurrkaður og síðan brenndur í þar til gerðum ofnum. Verður hann þá að salla eða dufti. Hann er notaður á svo margvíslegan hátt, að hann hefur að sögn verið kallaður „efni þúsund þjala.“ Hann er jafnvel hafður í neyzluvörur, en mest mun hann þó í Evrópu notaður við framleiðslu tilbúins áburðar. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi er talin nota 6—8 hundruð lestrir af kísilsalla í sína framleiðslu. Sá salli er keyptur frá útlöndum af því að hér er ekki kísilleir unninn enn þá.

Á s. l. ári var fengin tækniástoð frá Sambandslýðveldi Þýskalands til þess að kanna kísilleirsnámurnar í Mývatni og Aðaldal. Var þetta gert í samráði við rannsóknarráð ríkisins og raforkumálaskrifstofuna, sem hefur jarðrannsóknir með höndum. Hinir þýzku fræðimenn, sem að könnuninni unnu, telja, að á botni Mývatns sé stærsta kísilleirsnáma Evrópu, og álita kísilleir hennar góða vöru. Kísilleirinn í Aðaldal telja þeir til ódýrari tegunda, en þó hæfan til áburðarhúðunar og margs fleira. Leggja þeir til, að kannað sé til hlítar, hvort hægt sé að framleiða hér kísilleir, sem sé hæfur til samkeppni á Evrópumarkaði, og telja líklegt, að svo muni vera.

Nú hagar svo vel til, að jarðhiti er við Námafjall, sem er í nánd við Mývatn. Er talið, að hægt sé að flytja leirleðjuna úr Mývatni þangað með dælu, þurrka hana þar við jarðhitann, brenna hana og mylja eftir því, sem við á.

Fróðir menn gizka á, að stofnkostnaður verksmiðju, sem þarna væri reist til þessara athafna og framleiddi 10 þús. tonn sem söluvöru á ári, mundi verða 10—15 millj. kr. En framleiðsluna á ári telja þeir að selja mætti fyrir erlendan gjaldeyri, er næmi a. m. k. milljónatug íslenzkra króna og jafnvel miklu meiru, ef dýrari tegundir leirsins yrðu framleiddar að verulegu leyti.

Allmikið er búið að vinna að rannsókn þessara mála, eins og að framan greinir. En lokarannsóknir á námunum og hráefnagæðunum er þó eftir að gera. Sömuleiðis er eftir að gera fullnaðaráætlanir um stofn- og rekstrarkostnað verksmiðju svo og að kanna til fullnustu markaðsskilyrði fyrir framleiðsluna. Ekki má rasa fyrir ráð fram. Hins vegar má heldur ekki draga skynsamlegar athafnir og láta þau járn kólna, sem elduð hafa verið.

Íslendingar þurfa að leggja á það áherzlu að auka gjaldeyrisöflun sína og fjölga atvinnugreinum. Í þeim efnum þarf að hafa hraðan á, af því að gjaldeyriskortur þvingar athafnafjör og kapp þjóðarinnar og atvinnuöryggi hennar stendur ekki nægilega traustum fótum.

Einboðið er, að hagnýta ber ný verðmæti til útflutnings, ef til eru arðvænleg, og skapa atvinnu við þá hagnýtingu.

Eðlilegt er, að ríkisstjórninni verði falið að láta ljúka fullnaðarathugunum á þessu ári, að því er kísilleirinn snertir, eins og tillagan gerir ráð fyrir. Það ætti að vera í lófa lagið, og því fremur sem Þjóðverjar bjóða enn aðstoð sína.

Ef sýnt þykir að loknum athugunum að um arðvænlegar framkvæmdir sé að ræða í þessum efnum, þá er líka rétt, að ríkisstjórnin leiti strax úrræða til þess að framkvæmdirnar geti hafizt. Að sjálfsögðu er ekki þar með sagt, að ríkið sjálft verði að leggja fram fé til stofnunar umrædds fyrirtækis né reki það.